

**From:** Íris Edda Heimisdóttir  
**Sent:** Tue, 24 Mar 2026 15:40:56 +0000  
**To:** skeidgnup@skeidgnup.is  
**Subject:** Óskað eftir umsögn og samþykki sveitarstjórnar vegna akstursíþróttakeppni.  
**Attachments:** 2026 Iceland Hill Rally - Leiðarlýsing.pdf

Sæl.

Óskað er eftir umsögn sem og eftir atvikum samþykkis sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 vegna leyfis fyrir akstursíþróttum sem áætlað er að fari fram 6. – 8. ágúst 2026 og fer um svæði innan ykkar sveitafélags. Óskað er eftir því að sveitarfélagið upplýsi um það hvort akstursleiðir séu að hluta til í einkaeigu og ef svo er og kalla eftir afstöðu þeirra ef við á. Um er að ræða rally aksturskeppni sem fer fram m.a. í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Keppnin er haldin á torfærum vegum og notast verður við jeppa og/eða götuskráða og tryggða buggy bifreiðar. Fjöldi keppnisbifreiða er takmarkaður við 40, en búast má við að um helmingur keppenda verði erlendur, sem byggir að miklu leyti á því orði sem fór af fyrri keppnum.

Er hér með veittur frestur fram til 7. apríl til þess að koma að athugasemdum varðandi fyrirkomulag aksturkeppnarinnar, ss. val á akstursleið, tímasetningu o.þ.h., sbr. 3. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 507/2007.

Sjá viðhengi með leiðarlýsingu.

Kveðja.

**Íris Edda Heimisdóttir**

Saksóknarfulltrúi

*Ákærusvið*

**Lögreglustjórinn á Suðurlandi**

[ieh01@logreglan.is](mailto:ieh01@logreglan.is)



Um ábyrgð í tölvupósti

[sudurland@logreglan.is](mailto:sudurland@logreglan.is)

s

4442000 - Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvelli



**græn SKREF**

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupóstur er prentaður / Please consider the environment before printing.

